
6. stjórnarfundur Leiknar haldinn í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Grensásvegi 16a, fimmtudaginn 28. apríl kl. 13:00.

Mætt: Birna Gunnlaugsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og í gegnum fjarfundarbúnað á Ísafirði Smári Haraldsson, formaður. Á fundinn mætti einnig Aðalheiður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Menntar. Guðjónína Sæmundsdóttir og Emil Björnsson boðuðu forföll.

Efni:

1. Aðalfundur Leiknar 11. maí næstkomandi.
2. Fundur með menntamálaráðherra þriðjudaginn 9. maí næstkomandi.
3. Önnur mál.

1. Aðalfundur Leiknar

Fundarboð verði sent með netpósti í dag og jafnframt bréflega. Fundurinn verði kl. 10-12 fimmtudaginn 11. maí og liðir hans samkvæmt 12. gr samþykktar samtakanna. Ekki verður kosið til stjórnar að þessu sinni, aðeins formaður. Mennt verði falið að finna húsnæði fyrir fundinn og var rætt að skoða það meðal aðildarfélaga. Fram kom að samkvæmt samþykkt skuli reikningar fylgja fundarboði sem og fjárhags- og rekstraráætlun. Ákveðið vegna sérstakra aðstæðna að senda hvoru tveggja á eftir fundarboðinu og taka fram í því að svo verði.

Fram kom að síðdegis þann 11. maí mun FA standa fyrir stuttu námskeiði um hvernig fullorðnir læra með Svíanum Ingemar Svantesson. Því þykir stjórn ekki ástæða til að bjóða upp á fræðsluerindi í tengslum við aðalfundinn. Rætt um hugsanlegar lagabreytingar. Fundarmenn voru sammála um að tillögur um breytingar frá stjórn væru engar. Hvorki sé tímabært að breyta heiti samtakanna svo sem áður hafði verið nefnt né 5. gr. um rétt til aðildar og úrsögn.

Aðalheiður Jónsdóttir kom á fundinn, en í samningsdrögum við Mennt frá því í febrúar sl. kemur fram að Mennt verði falið að boða til aðalfundar og taka við skráningu á hann. Aðalheiður tók að sér að sinna því.

Farið var yfir fjárhagsáætlun næsta starfsárs. (fylgiskjal 1)

2. Fundur með menntamálaráðherra þriðjudaginn 9. maí næstkomandi kl. 13.

Smári kynnti að fundurinn yrði á þeim tíma og var samþykkt að Smári, Guðjónína og Hulda fari á hann.

3. Önnur mál

Ákveðið var að hafa stjórnarfund kl. 11, þriðjudaginn 9. maí næstkomandi. Og aftur kl. 14 sama daga. Á þeim síðari verður rætt um þjónustusamning við Mennt, fund framkvæmdastjóra fullorðinsfræðslusamtaka Norðurlanda og umsókn fræðsludeildar Vinnueftirlits ríkisins um aðild að Leikn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.

Birna Gunnlaugsdóttir, ritaði fundargerð.